

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 26. maí 1981 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald á Hvammstanga.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt á Hvammstanga án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögþýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár. t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á upphóði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

7. gr.

Sveitarstjórn skal hafa búfjánhald girðingu umhverfis íbúðabyggð á Hvammstanga og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Búfénað sem gengur laus í kaupúninu, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendur slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans, fódruun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúknningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta það tjón er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu búpenings varðar það sektum og leyfissviptingu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um búpening sem er í eigu annarra en íbúa Hvammstangahrepps.

9. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi.

10. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fódur á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1981

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. desember 1981.

Nr. 676.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 645 2. desember 1981, um breyting á reglugerð nr. 309 20. júní 1981, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

Svohljóðandi ákvæði 2. gr.:

„Allar loðnuveiðar eru bannaðar austan 14° v.lgd. milli 66° n.br. og 67° n.br.” er fellt niður.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.